

Siggi World ehf.
Engjasel 85
109 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2021
UST202108-190/Þ.V.B.
09.06.01

Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Ultra Maraðon - Fjallabak

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Siggi World ehf., dagsett 19. ágúst 2021, um leyfi fyrir kvikmyndatöku og Ultra maraþoni innan Friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsingu, nr. 354/1979. Megin einkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt en viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins. Um verndarsvæðið gilda sérreglur, sbr. auglýsingu nr. 354/1979 og stjórnunar- og verndaráætlun, sbr. auglýsingu, nr. 422/2021. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið, sbr. auglýsingu nr. 422/2021, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem undirrituð var af ráðherra þann 30. mars 2021 og birt var í Stjórnartíðindum þann 6. apríl 2021 er að finna sérstakar reglur um umferð og dvöl í friðlandinu, sbr. IV. kafli. Þar segir í reglu 1, að kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta sé háð leyfi Umhverfisstofnunar. Í reglu 11 kemur fram að næturgisting er einungis heimil í skálum og á skilgreindum tjaldsvæðum innan friðlandsins. Í kafla 3.7.5 um tjaldsvæði og hreinlætisaðstöðu í stjórnar- og verndaráætluninni er kveðið á um að til að stýra álagi á svæðinu skuli tjalda og hafa næturdvöl á skilgreindum tjaldsvæðum innan friðlandsins en skilgreind tjaldsvæði eru þrjú; í Landmannalaugum, Landmannahelli og Hrafninnuskeri. Tjöldun utan tjaldsvæða er óheimil nema að höfðu samráði við landverði eða umsjónaraðila friðlandsins.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Hlaupaleið Ultra maraþonsins fer að hluta til í gegnum friðlandið að Fjallabaki. Kort sem sýnir hlaupaleiðina fylgdi með umsókn. Hlaupaleiðin fer eftir stígum og vegum og þurfa keppendur að reiða sig á staðsetningartæki til rötunar. Engar merkingar verða settar upp til að afmarka hlaupaleiðina. Óskað er eftir leyfi til að setja upp 10 göngutjöld við endapunkta tveggja

dagleiða sem liggja um friðlandið, á bílastæði við Herbjarnarfellsvatns og á aurunum við Jökulkvísl 200 m frá varnargarði. Að sögn skipuleggjanda verkefnisins er umrædd staðsetning tjaldbúðanna mikilvægt vegna kvikmyndatökunnar, að mynda þar sem engin mannvirki eða aðrir gestir friðlandsins séu til staðar. Starfsmenn myndu gista í skálum í nágrenninu. Kvikmyndatökulið mun ferðast á eftir hlaupurunum á rafmagnshjólum. Ef upp koma slys á þátttakendum er óskað eftir leyfi til að fá að keyra utan vega til að sækja viðkomandi á sérstakri bifreið/hjóli sem kvikmyndafyrirtækið er með til umráða. Að tókunum koma 26 manns á 8 bifreiðum, 2 sprinterum og 6 jeppum. Undirbúningur fyrir tókur eru áætlaðar að hefjist 17. september og að tókur hefjast 20. september og er áætlað að þær taki 2 daga innan friðlandsmarkana.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur kvikmyndatökuna ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Aðrir gestir geta orðið fyrir tímabundnum truflunum á meðan drónamyndatökur fara fram. Umhverfisstofnun telur að það aðtjalda utan tjaldsvæða á ógrónum svæðum sé ekki til þess fallið að auka álag á náttúru og lífríki innan friðlandsins. Til þess að hægt sé að vinna að verndarmarkmiðum friðlandsins og varðveislu óbyggðarupplifunar og kyrrðar er aftur á móti mikilvægt að stýring umferðar á svæðinu sé skýr

Niðurstaða og skilyrði:

Umhverfisstofnun fer með umsjón svæðisins af hálfu ríkisins en það er friðlýst sem friðland. Ákvæði auglýsingar nr. 354/1979 um friðlýsingu svæðisins og sérreglur í stjórnunar- og verndaráætlun ganga framur almennum ákvæðum náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun hefur heimild til tjöldunar viðlegutjalda utan skilgreindra tjaldsvæða en sú heimild tekur ekki til næturgistingar í húsbýlum og öðrum sambærilegum búnaði. Reglur friðlandsins kveða á um að almennt skuli tjalda á tjaldsvæðum. Það er því mikilvægt að framleiðendur kvikmyndaverkefnisins komi því á framfæri í afurð kvikmyndagerðarinnar.

Umhverfisstofnun veitir ekki sérstakt leyfi til aksturs utan vega vegna björgunarstarfa. Akstur vegna björgunarstarfa og sjúkraflutninga og lögreglustarfa er hins vegar heimill samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga um náttúrvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun veitir Siggi World ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Friðlands að Fjallabaki og uppsetningu tjaldbúða á ógrónu svæði við Herbjarnarfellsvatn og á áreyrum í Landmannalaugum sbr. lýsingu hér að ofan 20.-22 september að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Einungis sé höfð næturdvöl í húsbýlum á merktum tjaldsvæðum í friðlandinu.

- Aðstandendur verkefnisins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hjóla/hlaupaleiðir né á drykkjastöð.
- Þátttakendur og kvikmyndalið taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er á tjaldstæði eða á þeim vegum/stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur og starfsfólk um mikilvægi þess að halda sig á merktri hlaupa og hjólaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni og tjöldun utan skipulagðra tjaldsvæða innan hins friðlýsta svæðis vegna kvikmyndatökunnar.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Ef drónaflugíð hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun mælist til þess að ómannuð loftfari taki á loft og lendi í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústdóttir
forstjóri

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri